

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- a. Í stað orðsins „lífshættulega“ í 2. mgr. komi orðin „alvarlega og langvarandi“.
- b. Í stað orðsins „lífshættulega“ í 3. mgr. komi orðin „alvarlega og langvarandi“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. II.:

- a. Í stað orðsins „sjúkra“ í heiti II. komi orðið „langveikra“.
- b. Í fl. 1. í stað orðsins „lífshættulegra“ komi orðin „alvarlegra og langvarandi“.
- c. Í fl. 2. í stað orðsins „lífshættulegra“ komi orðin „alvarlegra og langvarandi“.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. gr. sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. febrúar 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 131

9. febrúar 2001

REGLUGERÐ

um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1. gr.

Almennt.

Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði 12% af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi og eftir atvikum í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 5. gr. reglugerðar þessarar og 2. og 5. gr. laga nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

2. gr.

Skilyrði endurgreiðslu.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

- a. að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri og kynna sögu lands og náttúru,
- b. að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa,
- c. að stofnað sé sérstakt félag um framleiðsluna á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,
- d. upplýsingar um helstu aðstandendur kvikmyndar eða sjónvarpsefnis liggi fyrir,